# 09.05.

–20.05.2019

# MUTTER COURAGE

LHÍ

09.05–20.05.
ÚTSKRIFTARVERK LEIKARA
**MUTTER COURAGE**
EFTIR BERTOLT BRECHT
Í LEIKSTJÓRN MÖRTU NORDAL
Samkomuhúsið, Akureyri
(09.05–11.05.)
Kassinn, Þjóðleikhúsið
(16.05–20.05.)

Miðapantanir á **tix.is** sjá nánar **lhi.is**

**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**
Iceland University of the Arts

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

MAK
MENNINGARFÉLAG AKUREYRAR

**KÆRU GESTIR,**

það ríkir mikil eftirvænting í loftinu á vorin þegar útskriftarverkefni sviðslistadeildar eru frumsýnd, enda sannkölluð uppskeruhátíð sem segja má að hafi verið í undirbúningi allt frá því að nemendur hófu nám sitt hér við skólann. Við erum stolt að segja frá því að útskriftarverkefni leikarabrautar er að þessu sinni unnið í samstarfi við Leikfélag Akureyrar og Þjóðleikhúsið, samstarf sem við erum afar hreykin og ánægð með. Með þessu samstarfi gafst deildinni tækifæri til að víkka út starfsemi skólans og vinna með tveimur af menningarstólpum landsins í sviðslistum sem og að fylgja landsbyggðarstefnu deildarinnar og skólans í heild.

Leikaraefnin frumsýna verkið Mutter Courage e. Bertolt Brecht undir styrkri leikstjórn Mörtu Nordal í Samkomuhúsinu á Akureyri og ferðast þaðan til Reykjavíkur þar sem þau halda áfram að sýna verkið í Kassanum í Þjóðleikhúsinu. Sviðslistadeild Listaháskólans þakkar Leikfélagi Akureyrar og Þjóðleikhúsinu fyrir ánægjulegt samstarf og um leið óskum við listrænum stjórnendum og útskriftarnemendum leikarabrautar innilega til hamingju með sýninguna.
Njótið vel,

**SVEINBJÖRG ÞÓRHALLSDÓTTIR,**
STARFANDI DEILDARFORSETI
SVIÐSLISTADEILDAR



## LEIKARAR

MUTTER COURAGE
Ásthildur Úa Sigurðardóttir
Berglind Halla Elíasdóttir
og Þórdís Björk Þorfinnsdóttir
EILÍFUR OG HERPRESTUR
Gunnar Smári Jóhannesson
SVISSOSTUR
Hildur Vala Baldursdóttir
KOKKUR
Jónas Alfreð Birkisson
KATRÍN
Rakel Ýr Stefánsdóttir
YVETTE PATTIER
Steinunn Arinbjarnardóttir

ÖNNUR HLUTVERK
Ásthildur Úa Sigurðardóttir
Berglind Halla Elíasdóttir
Gunnar Smári Jóhannesson
Hildur Vala Baldursdóttir
Jónas Alfreð Baldursson
Steinunn Arinbjarnardóttir


Ásthildur Úa
Sigurðardóttir


Berglind Halla
Elíasdóttir


Gunnar Smári
Jóhannesson


Hildur Vala
Baldursdóttir


Jónas Alfreð
Birkisson


Rakel Ýr
Stefánsdóttir


Steinunn
Arinbjarnardóttir


Þórdís Björk
Þorfinnsdóttir







Hópurinn sem stendur á leiksviðinu í útskriftarsýningu sinni hefur farið með skólanum í gegnum mikið umrót og flutninga. Í gegnum það hafa þau staðið sterk, verið einbeitt á eigin þroska og listsköpun. Þau hafa gefið hvert öðru rými til að blómstra í náminu og staðið þétt saman sem hópur þegar reynt hefur á. Við á leikarabraut LHÍ erum afar stolt af þessum ungu listamönnum. Það fer vel á því að þessi sterki hópur takist á við eitt af höfuðverkum liðinnar aldar. Mutter Courage eftir Brecht. Verkið er talið með bestu leikverkum 20.aldarinnar, og er eitt kröftugasta stríðsádeiluverk sögunnar. Það er viðeigandi að bekkur sem samanstendur að þremur fjórðu hlutum af konum rýni í þetta verk. Mutter Courage er mikil ádeila á stöðu konunnar í stríði, konunnar sem fær engu um framgang stríðsins ráðið en er fórnarlamb þess engu síður og missir allt sitt. Verkið á vel við þessa ungu kynslóð sem hefur verið í oddaflugi síðustu kven- og mannréttindabyltingar, þeirri er enn stendur yfir. Boðskapur hennar er einfaldur.
Allir eru jafnir að verðleikum.

Það er ekki heiglum hent að takast á við Brecht og hans epísku frásagnaraðferð. Þessir ungu listamenn hafa tekið áskoruninni af listrænum heiðarleika. Sýningin ber þeim og öllum þeim listamönnum sem að sýningunni koma gott vitni og óska ég öllum aðstandendum innilega til hamingju með sýninguna.
Fyrir hönd leikarabrautar

**GUÐMUNDUR INGI ÞORVALDSSON**
FAGSTJÓRI LEIKARABRAUTAR

Það telst til tíðinda þegar Leikfélag Akureyrar, Listaháskóli Íslands og Þjóðleikhúsið taka höndum saman og standa að útskriftarverkefni leikarabrautar LHÍ. Við hjá Leikfélagi Akureyrar erum stolt af því að eiga þátt í þessu mikilvæga samstarfi sem gefur ungum leikurum tækifæri á að kynnast og starfa í tveimur atvinnuleikhúsum á sitt hvoru landssvæðinu. Útskrifarverkefnið að þessu sinni er hið klassíska leikverk Mutter Courage eftir Bertolt Brecht í þýðingu Ólafs Stefánssonar en það var síðast flutt á íslensku leiksviði árið 1965 í Þjóðleikhúsinu. Mútter Courage er eitt þekktasta verk Brechts sem löngu var orðið tímabært að dusta rykið af enda fjallar það um fórnarlömb stríðsátaka og kaldlyndi hinnar kapítalísku hugsunar.

Fyrir hönd LA þakka ég leikhópnum fyrir krefjandi og gefandi ferðalag um stórbrotinn leikhúsheim Bertolts Brechts þar sem hvergi var gefið eftir í leitinni að hinu áhugaverða.

**MARTA NORDAL**
LEIKSTJÓRI

**TÓNLIST**
Sævar Helgi Jóhannsson
Tónsmíðanemi við tónlistardeild
Listaháskóla Íslands

**LISTRÆNIR AÐSTANDENDUR**
LEIKSTJÓRI
Marta Nordal
LEIKMYND OG BÚNINGAR
Auður Ösp Guðmundsdóttir
LJÓSAHÖNNUN
Ólafur Ágúst Stefánsson
LEIKMYNDASMÍÐI OG TÆKNI
Egill Ingibergsson
AÐSTOÐARLEIK -
OG SÝNINGARSTJÓRI
Anna Katrín Einarsdóttir

ÞÝÐANDI
Ólafur Stefánsson


Marta Nordal


Sævar Helgi Jóhannesson


Auður Ösp Guðmundsdóttir


Ólafur Ágúst Stefánsson


Egill Ingibergsson


Anna Katrín Einarsdóttir

## DAGSKRÁ ÚTSKRIFTARVERKA SVIÐSLISTADEILDAR 2019

LEIKARAR
**MUTTER COURAGE**
Samkomuhúsið, Akureyri
9.–11. maí kl. 20:00
Kassinn,Þjóðleikhúsið
16.–20.maí kl. 20:00

**FRUMSÝNINGAR SVIÐSHÖFUNDA**
Dagskrá í heild á **lhi.is**

01.05.
**SALVÖR GULLBRÁ ÞÓRARINSDÓTTIR**
–12.00: Iðnó –
Krakkaveldi

10.05.
**BRYNHILDUR KARLSDÓTTIR**
4 sýningar á dag -
Viltu koma á rúntinn?
**ADOLF SMÁRI UNNARSSON**
–18.00: Tjarnarbíó
(Frums) - Kæri vinur
**BIRNIR JÓN SIGURÐSSON**
–19.30: LHÍ Laugarnesi
(Frums) - Inni
**ARON MARTIN ÁSGERÐARSON**
–21.00: Tjarnarbíó
(Frums) - Ólga

11.05.
**TÓMAS HELGI BALDURSSON**
–18.30: LHÍ Laugarnesi
(Frums) - SVIÐSVERK
Leikverk í fimm þáttum

**TATJANA DÍS ALDÍSAR RAZOUMEENKO**
–21.30: LHÍ Laugarnesi
(Frums) - Það er maður allsstaðar yfir þér, sem kennir skóm sínum um kvilla fóta sinna.

12.05.
**ANÍTA ÍSEY JÓNSDÓTTIR**
(Frums) - Í heimi þar sem stundarglasið stendur kyrrt
–19.00: Tjarnarbíó
**HELGI GRÍMUR HERMANNSSON**
(Frums) - Næsta skrefið-
blað brotið í þróunarsögunni

13.05.
**SNÆFRÍÐUR SÓL GUNNARSDÓTTIR**
–20.00: Laugardalslaug
(Frums) - Sýnist lífs bara
um því sem það snýist